

því að selja eða leigja veiðirjettinn afla sjer meiri og óbrigðulli tekna af honum en þótt þeir notuðu hann sjálfir, og þar að auki flytja hinir útlendu veiðimenn ekki litla peningaupphæð inn í landið. Að öðru leyti skal jeg með tiliti til lagafrumvarpsins í heild sinni leyfa mjer að vekja athygli á eftirfylgjandi:

Landbúnaðarnefnd sú, er skipuð var árið 1870, setti í frumvarp það til landbúnaðarlaga, er hún kom fram með, ákvæði, er miðuðu til þess að koma á þeirri reglu að útlendingar mættu ekki án sjerstaks leyfis eiga fasteignir á Íslandi, en í frumvarpi því til landbúnaðarlaga, er af stjórnarinnar hálfu var lagt fyrir alþingi, sem kom saman 1879, voru ofanefnd ákvæði ekki tekin upp, og í athugasemdunum við laga frumvarpið, sbr. Ráðgjafatíðindin 1879, B bls. 693, voru greinilega teknar fram ástæðurnar fyrir því, að þessi ákvæði yrði að telja óhæf. Með því að jeg ekki get sjæð, að ástandið hjer á landi hafi á síðust 20 árum breytt á þann hátt, að hinar áminnztu ástæður eigi ekki eins við frumvarp það, er hjer er um að ræða, finn jeg ekki ástæðu til að mæla með því að það verði að lögum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun 78 konuugsstaðfestingar á lagafrumvarpi um lögaldur. — Þjer hafid, 27. júní

herra landshöfðingi, með brjefi, dagsettu 23. okt. f. á., sent hingað lagafrumvarp um lögaldur, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu á síðasta alþingi og eftir löglegan undirbúning samþykkt þar, og gjörið þjer í brjefi yðar grein fyrir, að hverju leyti þetta frumvarp er frábreitt frumvarpi því um lögaldur, sem alþingi 1889 samþykkti, en var synjað allrahæstrar staðfestingar, og einnig fyrir þeim ástæðum, sem færðar voru fyrir frumvarpinu á þingi; skjótið þjer því til ráðaneytisins, hvernig fara skuli með frumvarpið.

Þótt ekki alt það, er finna mátti að frumvarpi alþingis 1883, verði einnig fundið að frumvarpi því, er hjer ræðir um, hlýtur það þó að mæta hinni sömu aðalsynjunarástæðu, sem hitt mætti á sínum tíma, n. l. þeirri, að, ef frumvarpið yrði gjört að lögum, kæmi fram ósamkvæmni milli íslenzks og dansks rjettar í mjög þýðingarmiklu atriði, og er enginn sá munur á ástandinu á Íslandi og í öðrum hlutum ríkisins, er rjettlætt gæti slíkan mismun. Hjervíð bætist að með slíkum lögum, sem hjer er farið fram á, fæst ekki samræmi við löggjöf neins hinna norrænu ríkja, svo að, ef sú stefna yrði ofan á að reyna að koma á meiru samræmi í löggjöf allra Norðurlanda að því er snertir fleiri eða færri kafla privatrjettarins, mundu slík lög, sem hjer er farið fram á, gjöra meiri ekki minni örðugleikana á að ná takmarkinu, þar sem þau kæmu á lagaskipun, sem væri frábrugðin hinum þremur, sem nú eru í gildi.

Ráðaneytið hefir því komizt að þeirri niðurstöðu að þetta frumvarp sje ekki fremur en hið fyrra fallið til að verða að lögum, og þess vegna hefir það í allraþegnsamlegustum tillögum sínum lagt það til að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum 21. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindaana ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

78

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp það um lögaldur, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og jeg hjer með leyfi mjer að senda, bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Alþingi 1889 samþykkti, eins og kunnugt er, frumvarp til laga um lögaldur, þar sem ákveðið var, að fjárráð með umráðamanni skyldi falla burtu, en að sjerhver karlmaður og ógift kona skyldi verða fullráð fjár síns 21 árs að aldri og geti þá og tekið að sjer ábyrgð í fjármálum svo að gild sje, en því frumvarpi var, samkvæmt brjefi ráðaneytisins, dags. 31. maí 1890, synjað staðfestingar með allrahæstum úrskurði 22. s. m. Það lagafrumvarp, er hjer liggur fyrir, er að því leyti samhljóða hinu frá 1889, að lögaldur er í báðum ákveðinn 21 árs, en þar sem fjárráð með tilsjónarmanni skyldi falla burtu eptir frumvarpinu frá 1889, eiga þau eftir þessu frumvarpi að byrja með fullum 16 ára aldri. Þegar frumvarpið var borið fram á þinginu, var það tekið fram því til stuðnings, að fjöldi manna hjer á landi byrjuðu búskap þegar, er þeir væru fullra 20 ára, og að það þá væri óeðlilegt, ef þessir menn ekki mættu gjöra löglega samninga, án þess þeim væri settur meðráðamaður. Því var ennfremur haldið fram, að það tæplega væri komið inn í rjettarmeðvitund þjóðarinnar, að giptir og búandi menn ekki væru fullkomlega fjár síns ráðandi, því fremur, sem það væri almennt, að bændur, sem ekki væru komnir til lögaldurs, gjörðu samninga við kaupmenn og aðra, án þess að nokkrum dytti í hug að spyrja um aldur þeirra. Að endingu var það tekið fram, að það væri mjög óþægilegt fyrir landsbankann og aðrar peningastofnanir, að þeir, sem þar vildu hafa viðskifti og ekki væru 25 ára að aldri, yrðu að mæta þar með meðráðamann; auk þess væri vansjeð af útliti mannsins, hvort hann væri 23, 24 eða 25 ára að aldri.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til brjefs míns dags. 30. oktbr. 1889, leyfi jeg mjer allraþegnsamlegast að leggja málið í hendur ráðaneytisins til úrslita.

79

27. júní **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um eptirlaun.**

Með brjefi, dagsettu 23. oktbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um eptirlaun, sem borið hafði verið upp á alþingi síðastliðið sumar og samþykkt þar. Hafði þjer fyrst og fremst bent á það, í hverju þetta lagafrumvarp sje frábrugðið frumvörpunum frá 1893, 1895 og 1897, er neitað hefir verið allra-hæstrar staðfestingar, og því næst tekið það fram, að breytingarnar á frumvarpi því, sem hjer er um að ræða, muni að líkindum eigi gera það aðgengilegra en hin, um leið og þjer skjótið máli þessu til frekari aðgjörða ráðaneytisins.

Þótt játa verði að frumvarp'ð, eins og það nú liggur fyrir, hafi tekið bótum, samanborið við hin fyrri frumvörp, þá er það sama að segja um það eins og hin, að það tekur of lítið tillit til upphæða launa þeirra, sem embættismaðurinn hefir haft, og því, er undan eru tekin lægstu launin og mjög stuttur þjónustualdur, skerðir meira en ráðaneytið getur talið sanngjart og tiltækilegt eptirlaunakjör íslenzkra embættismanna, einkum er tekið er tillit til þess, hversu mjög laun þeirra eru skert með launalögunum trá 1889.

Í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið, hefir ráðaneytið